

Íngólfur 1913 ————— Síða 147

Norskt og íslenzkt.

Norska bók leit eg í nýlega, skólasaga (Skolens historie; nýnorska útgáfan heitir Skulesoga) eftir Mathias Skard, prentuð í Kristjaníu í 3. sinn 1912; svo fróðleg hefir hún þótt. Ekki sá eg þar minst á suma skóla, sem voru þó merkilegir og Norðmenn eiga mikið að þakka. Einn af þessum skólum, það var nokkurskonar heimaskóli, var í Odda. Einn maður úr þeim skóla hét Snorri Sturluson; honum fanst mikið um Norðmenn og Noreg, og ritaði Noregssögu. Hann gerði það svo vel, að menn eru ennþá ekki farnir að meta þá bók til fulls. En þó mundu Norðmenn, hefði sú bók ekki verið rituð, naumast vera sjálfstæð þjóð.

En Íslendingar býst eg við muni margir telja það litla skifta, hvort þeim er gleymt í Noregi, og það jafnvel þeim mönnum, sem Norðmenn og Íslendingar eiga mest að þakka og hafa verst launað.

10. sept.

Helgi Pjeturss.